

Tillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins sem frestað var á fundi skóla- og frístundaráðs 9. febrúar 2021

Lagt er til að upplýsingar um laus leikskólarými og stöðu biðlista verði settar í mæliborð Reykjavíkurborgar. Þar komi fram aðgengilegar, sundurgreindar og auðskiljanlegar upplýsingar eftir leikskólum og hverfum um stöðu biðlista og laus leikskólarými. Þá er enn fremur lagt til að þessar upplýsingar verði uppfærðar um leið og breytingar verða. Markmiðið með tillögunni er að auðvelda foreldrum aðgengi að upplýsingum og gera stjórnarsýsluna gagnsærri og skilvirkari. Slíkt fyrirkomulag sparar foreldrum mikla fyrirhöfn að afla sér upplýsinga innan úr kerfinu og dregur jafnframt úr álagi á leikskólana og leikskóladeild skóla- og frístundasviðs að veita upplýsingar um laus leikskólarými og stöðu biðlista. Það ætti að vera sjálfsögð og eðlileg krafa að tölulegar upplýsingar um jafn mikilvæga þjónustu við borgarbúa sem leikskólarnir eru séu opinberar og aðgengilegar á hverjum tíma þannig að foreldrar geti betur gert ráðstafanir og fylgst með stöðunni.